

**Ed.**

**386. Nefndarálit**

[90. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á sjö fundum. Til viðræðna við nefndina komu m. a. forseti Hæstaréttar, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, fulltrúar Lögmannafélags Íslands og formaður réttarfarsnefndar.

Það er samdóma álit nefndarmanna, að nauðsyn beri til að endurskoða frumvarp til lögréttulaga sem alloft hefur verið lagt fram á Alþingi, en eigi náð fram að ganga. Telur nefndin eðlilegt að við þá endurskoðun sé þess sérstaklega gætt, að sem flest sjónarmið komi fram.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 25. febr. 1982.

Eiður Guðnason,  
form., með fyrirvara.  
Salome Þorkelsdóttir.

Ey. Kon. Jónsson,  
fundaskr.  
Stefán Jónsson,  
með fyrirvara.  
Egill Jónsson.

Jón Helgason,  
frsm.  
Stefán Guðmundsson.